

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2004

**Efni: Umsögn BSRB við frumvarp til laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, 299. mál, stjórn, innheimtubóknun.**

BSRB vekur athygli á að með þessu frumvarpi er horfið frá því að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tilnefni fulltrúa í stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Með því fyrirkomulagi hefur verið tryggt að opinberir starfsmenn ættu fulltrúa í stjórn sjóðsins. Það má til sanns vegar færa sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins, að með breytingum á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins árið 1997 opnaðist sá sjóður fyrir ýmsum þeim sem áður greiddu til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, en aðild að hinum fyrrnefnda var áður bundinn fastráðningu í starf.

**Eftir sem áður á mikill fjöldi opinberra starfsmanna fjármuni í Söfnunarsjóðnum og margir þeirra greiða enn iðgjald í sjóðinn. Má þar nefna alla þá sem fá greitt tímavinnukaup. Fráleitt, og með öllu óásættanlegt, er að úthýsa fulltrúa þeirra úr stjórn sjóðsins. Engin trygging er fyrir því að fjármálaráðherra tilnefni fulltrúa úr röðum opinberra starfsmanna verði þessi breyting á lögunum að veruleika. Þá bendir BSRB á að fjöldi félagsmanna í aðildarfélögum BSRB greiðir í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og má þar benda sérstaklega á póstmenn. Lífeyrissjóðirnir fara með mikla fjármuni og hvílir mikil ábyrgð á þeirra herðum. Þegar fækkað er í stjórnnum lífeyrissjóða eins og hér er lagt til ber að hafa þetta í huga. Einnig hitt að stjórnarmenn hafi mismunandi félagslegan bakgrunn og þar með tengsl við sjóðfélaga. Æskilegt er að í stjórnnum lífeyrissjóða sitji fleiri en færri og bakgrunnur stjórnarmanna sé fjölbreyttur. Í ljósi þessa mælir BSRB gegn samþykkt frumvarpsins.**

f.h. BSRB  
  
Svanhildur Halldórsdóttir



**LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA**

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/392*  
*komudagur 2. 12/3909*

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2004

**Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 155/1998 um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, 299.mál.**

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 155/1998 um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, 299 mál, stjórn innheimtuþóknun.

Landssamtök lífeyrissjóða eru fylgjandi því að samtökin tilnefni fjóra stjórnarmenn í stjórn Söfnunarsjóðsins, eins og reyndar tíðkast hefur um árabíl, þegar Samband almennra lífeyrissjóða og Landssamband lífeyrissjóða tilnefndu samtals fjóra fulltrúa í stjórn sjóðsins. Hins vegar er jafnframt vakin athygli á því að ekki er óeðlilegt að opinberir starfsmenn tilnefni sérstaklega fulltrúa í stjórn sjóðsins, eins og verið hefur, enda eiga fjölmargir ríkisstarfsmenn lífeyrisréttindi í sjóðnum.

Landssamtök lífeyrissjóða eru sammál að hækkun heimildar Söfnunarsjóðsins til innheimtuþóknunar hækki úr 2% í 4%. Um er að ræða lögbundna innheimtu-starfsemi, samkvæmt lögum nr. 129/1997, um starfsemi lífeyrissjóða og skyldu-


tryggingu lífeyrisréttinda. Eðlilegt er að vanskilaaðilar greiði þennan innheimtukostnað en ekki aðrir sjóðfélagar Söfnunarsjóðsins.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Jóna Magnúsdóttir', written over the printed name of the Landssamtök Lífeyrissjóða.

Alþingi  
Erindi nr. P 131/415  
komudagur 3.12.2004



**LSR**

LÍFEYRISJÓÐUR  
STARFSMANNA RÍKISINS

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2004

**Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 155/1998 um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum, 299. þingmál.**


Vísað er til bréfs frá Alþingi, dags. 23. nóvember 2004, þar sem efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um frumvarp til breytinga á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, 299. þingmál.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur yfirfarið efni frumvarpsins og vill, nefndinni til upplýsingar, vekja athygli á einu atriði sem varðar 1. gr. frumvarpsins og lýtur að breyttu fyrirkomulagi við tilnefningu stjórnarmanna í stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu tilnefnir LSR nú einn af sjö stjórnarmönnum sjóðsins. Ákvörðun um tilnefningu hefur verið tekin af stjórn LSR, sem er eins og kunnugt er skipuð átta mönnum, þar af fjórum tilnefndum af fjármálaráðherra, tveimur skipuðum af stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, einum af stjórn Bandalags háskólamanna og einum af stjórn Kennarasambands Íslands. Við ákvörðun um tilnefningu stjórnarmanns, í stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, hefur stjórn LSR ávallt byggt á tillögu fulltrúa launamanna í stjórn LSR. Það má því líta svo á að þeir stjórnarmenn sem LSR hefur tilnefnt til setu í stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda hafi í raun verið fulltrúar opinberra starfsmanna í stjórn sjóðsins.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins veitir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fúslega frekari upplýsingar ef eftir þeim verður leitað.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

  
Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/561*  
*komudagur 7.12.2004*

Nefndasvið Alþingis  
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 7. desember 2004.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um breyting á lögum nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum. Þskj. 326 - 299. mál.**

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 23. nóvember 2004, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst,  
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

---

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,  
formaður

Alþingi  
Erindi nr. P 131/472  
komudagur 6.12.2004



Samtök banka og verðbréfafyrirtækja  
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

3. desember 2004

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til laga um brt. á lögum nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisr. (299. mál)

Við er í bréf nefndarinnar dags. 23. nóvember þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

SBV gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Guðjón Rúnarsson', written over a horizontal line.

Guðjón Rúnarsson,  
framkvæmdastjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/544*  
*komudagur 7.12.2004*



**VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS**

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 3. desember 2004

**Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 155/1998 um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda (299. mál).**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

  
Sigpróður Ármann

*Póstáritun:*  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: [mottaka@chamber.is](mailto:mottaka@chamber.is)  
Website: [www.chamber.is](http://www.chamber.is)